

Stjórn Dvalarheimilsins Hvamms sf.

5. stjórnarfundur 26.2.2019

Fundur settur kl 15:00

Mætt: Jón Helgi Björnsson, Arnór Benónýsson, Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson, Bergur Elías Ágústsson, Heiðbjört Ólafsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Sigurður Böðvarsson og Áslaug Halldórsdóttir

Fundargerð

1. Rekstur 2018

Jón Helgi fór yfir rekstrartölur Hvamms árið 2018 og áætlun fyrir árið 2019. Rekstur Hvamms gekk betur en væntingar stóðu á síðasta ári og færir stjórn starfsfólki sérstaklega góðar þakkir fyrir vel unnin störf á árinu sem leið.

2. Uppfærsla á þjónustugjöldum í Hvammi

Stjórn samþykkir að þjónustugjöld búseturéttarhafa hækki um 10% skv.
búseturéttarsamningum frá sl. áramótum vegna hækkana á kostnaðarliðum.

Framkvæmdastjóra er falið að koma þessu upplýsingum til skila við búseturéttarhafa.

3. Tækjakaup 2019

Framkvæmdastjóri fór yfir lista fyrir tækjakaup í Hvamm á árinu 2019, sem áður hafði verið farið yfir í framkvæmdaætlun. Sömuleiðis var farið yfir tilboð í framkvæmd við stétt við Litla Hvamm sem farið verður í nú á næstunni. Jafnframt er unnið að teikningu á endurbættri aðstöðu fyrir endurhæfingu.

4. Bréf frá Ríkisendurskoðun

Jón Helgi kynnti bréf frá Ríkisendurskoðun sem gerir athugasemd við samkomulag milli Dvalarheimilisins Hvamms og HSN. Stjórn þakkar Ríkisendurskoðun fyrir ábendinguna og mun í samráði við framkvæmdastjóra taka tillit til þeirra ábendinga eins og kostur er.

5. Uppbygging hjúkrunarheimilis á Húsavík

Stjórn fagnar undirskrift samkomulagsins við velferðarráðuneytið um uppbyggingu hjúkrunarheimilis á Húsavík sem gerð var sl. föstudag. Verkefnið er afar brýnt og því mikið gleðiefni að nú hylli undir að framkvæmdir geti hafist við þetta framfaramál.

Fundi slitið 16:25.

The image shows handwritten signatures of several individuals in blue ink. At the top left, there are two signatures: 'Kristján Þór Magnússon' and 'Arnór Benónýsson'. Below them is a signature that appears to be 'Jón Helgi Björnsson'. To the right of these is another signature that looks like 'Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson'. At the bottom left, there is a signature that appears to be 'Heiðbjört Ólafsdóttir'. To the right of that is a signature that looks like 'Áslaug Halldórsdóttir'. The signatures are written in a cursive style and are somewhat overlapping.